

Ed.

403. Nefndarálit

[203. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5
13. febr. 1976.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Þetta frumvarp gerir ráð fyrir því að útflutningsgjald af sjávarafurðum verði lækkað úr 6% af fob-verðmæti útflutnings í 5%. Samkvæmt því er talið að tekjur þeirra sjóða, sem hafa tekjur sínar eða hluta af þeim af útflutningsgjaldinu, lækki um ca. 1 600 milljónir. Þeir sjóðir, sem missa verulegar tekjur við samþykkt frumvarpsins, eru:

1. Vátryggingarsjóður fiskiskipa. Sá sjóður mun þola tekjumissinn vegna þess hve staða hans er góð nú.
2. Hin almenna deild Aflatryggingasjóðs, sem þarf á vaxandi fjármagni að halda, og verði hið margrædda efnahagsfrumvarp forsætisráðherra að lögum, þá mun sjóðurinn þurfa á stórauðnum tekjum að halda.
3. Fiskveiðasjóður, sem er nú þegar í mikilli fjárþröng og missir við samþykkt frumvarps þessa 416 millj. kr. tekjur. Sjóðurinn hefur undanfarin ár átt erfitt með að sinna ætlunarverki sínu til fulls, og því mun þessi tekjumissir verða þungt áfall fyrir starfsemi sjóðsins.

Við getum því engan veginn fallist á að samþykkja frumvarpið eins og það er nú og munum því sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 28. febr. 1979.

Oddur Ólafsson, Steinþór Gestsson.
frsm.